
GIRA

Notkunarleiðbeiningar

Blindeining; blindeining RFID
Pöntunarnúmer: 5593..,5594..



10 87 15 25 / 4.11.2026

1 Öryggisleiðbeiningar

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast uppsetningu og tengingu raftækja.


Þessar leiðbeiningar fylgja vörunni og skal kaupandi fá þær í hendur.

2 Lýsing á virkni

Gira System 106 blindeiningin býður upp á pláss fyrir búnað til að bæta við síðar og gegnir hlutverki hönnunarþáttar í stórum útistöðvum með kerfishönnun. Auk þess er m.a. hægt að nota hana til að samþætta aðgangslesara frá þriðju aðilum við hönnun Gira System 106.

3 Lýsing á tæki


Séð að framan



Mynd 1: Blindmodul_vorn

[1] Framhlið úr gleri


Séð að aftan



Mynd 2: Blindmodul_hinten

[1] Skrúfur (4 x)

4 Einingunni lokað



Mynd 3: Blindmodul_Zusammenbau

Til að tryggja að einingin sé þétt:

1. Þrýstið einingarhúsinu með foruppsettu þéttingunni upp að glerframhliðinni.

2. Skrúfið skrúfurnar fjórar í með 0,7 Nm hersluátaki.
   Gætið þess að skrúfa í röðinni 1 – 4 sem sýnd er á myndinni!

5 Einingin sett upp

Aðeins má setja eininguna upp í meðfylgjandi utanáliggjandi System 106 húsi.

Ef þörf krefur er hægt að skipta þéttiloki utanáliggjandi hússins út fyrir System 106 stækkun uppsetningarrýmis (pöntunarnúmer 5548 000) sem er fáanleg sem aukabúnaður.

VIÐVÖRUN

Setja verður eininguna upp staka

Ekki má setja eininguna upp ásamt öðrum Gira System 106 einingum!

6 Skaðsemisábyrgð

(1) Gira afhendir eingöngu íhluti sem viðskiptavinur getur sett upp í tómu húsi. Skaðsemisábyrgð Gira – óháð lagagrundvelli – er útilokuð. Einkum ber Gira ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af því að viðskiptavinur hefur gert breytingar á uppsetta, tóma húsinu eða sett það saman eða lokað því með óviðeigandi hætti. Gira ber jafnframt ekki ábyrgð á tjóni sem Gira-vörurnar verða fyrir af völdum vörunnar sem viðskiptavinur setur í tóma húsið.

(2) Þetta gildir ekki um tjón sem rekja má til sviksamlegs hátternis, ásetnings eða vítaverðs gáleysis af hálfu Gira, fyrirsvarsmanna eða fulltrúa þess, né um dauða, líkamstjón eða heilsutjón, né um ábyrgð samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð og að því marki sem Gira hefur tekið á sig ábyrgð.

(3) Sé um óverulegt gáleysi að ræða ber Gira eingöngu skaðsemisábyrgð ef brotið er gegn slíkum skyldum sem eru forsenda þess að hægt sé að efna samninginn með viðeigandi hætti og samningsaðili má geta reitt sig á að séu efndar með reglubundnum hætti (meginskyldur); í þessu tilviki takmarkast skaðsemisábyrgðin við dæmigert tjón sem gera má ráð fyrir og gildandi tryggingarupphæð.

(4) Ef skaðsemisábyrgð Gira er útilokuð eða takmörkuð gildir það einnig um persónulega skaðsemisábyrgð starfsfólks, fyrirsvarsmanna eða fulltrúa fyrirtækisins.

7 Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.

Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.